

Stjórnarfundur 1.janúar 2023

Íþróttahúsið Digranesi

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Bjarki Þór Kjartansson
- Hálf dán Ragnar Guðmundsson

Á fundinum sem haldinn var þann 1.janúar var snið fundarins aðeins öðruvísi en venjulega þar sem framkvæmdirnar í félagsaðstöðunni okkar var eitt aðal umræðuefnið á fundinum. Fær það þess vegna sinn eigin lið á dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu
2. Opnun félagsins
3. Boð á aðalfund félagsins
4. Önnur mál

1. Framkvæmdir í félagsaðstöðu

Framkvæmdirnar í aðstöðunni okkar eru að mjakast í rétta átt, en stjórn félagsins áætlar að það sé ekki það mikil vinna eftir. En við ætlum að smala saman í vinnukvöld á þriðjudaginn næstkomandi klukkan 16:30 til þess að taka til og fara með rusl á sorpu. Það þarf að þrifa í félaginu áður en hægt er að setja loftræstikerfið af stað og erum við að stefna á allsherjarþríf með aðstoð fagaðila þann 8.janúar næstkomandi.

Formaður félagsins kemur svo með öll tæki og tól sem hann þarf til þess að hefja vinnuna við að setja upp kúlugildruna í púðursalnum og mun einbeita sér að því verkefni svo það náist að klára það fyrir opnun félagsins 12.janúar.

Verkefni voru tekin saman til þess að senda á Smið og Rafvirkja, en það þarf að setja upp tengil fyrir ísskáp svo hægt sé að klára að setja upp eldhúsinnréttingu

2. Opnun félagsins

Búið er að fresta opnun félagsins frá 5.janúar til 12.janúar og eru fulltrúar á fullu í að skipuleggja dagskrá fyrir það.

Ákveðið hefur verið að halda ekki formlegan félagafund sama dag en verða fulltrúar stjórnar á staðnum og verður hægt að nálgast þá á staðnum.

3. Boð á aðalfund félagsins

Ákveðið var að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 16.febrúar klukkan 18:00. Ritari mun birta tilkynningu þess efnis á vef félagsins ásamt því að senda fjölpóst á þá félaga sem eru með skráð netfang í félagatali félagsins.

Ákveðið var einnig að óska eftir framboðum til stjórnar með fundarboði þar sem ekki allir meðlimir stjórnar munu gefa kost á sér aftur.

4. Önnur mál

Stjórnin ákvað það að heiðra Viðar formlega á opunarhátíð félagsins þann 12.janúar fyrir unnin störf í þágu félagsins, en hann hefur verið sem steinn í félaginu í gegnum framkvæmdirnar og hefur lengi vel verið tilbúinn til að vinna í þágu félagsins.

Unnið hefur verið í því að koma upp úti skotsvæði sameiginlegu fyrir öll skotíþróttafélög á stórreykjavíkursvæðinu og var óskað eftir umboði félagsins til þess að halda áfram að vinna í þeim málum eftir að aðilinn sem hefur hvað mest barist fyrir því gengur úr stjórn, en það var samþykkt samhljóða.

Tímabært er að kaupa 2 nýja riffla sem hægt er að nýta í Silhouette, Veiðirifil og Benchrest fyrir nýliða en hann Hálfán tekur að sér að leita verða í 2 riffla með kíkum sem hentar í þessar greinar.

Ritari stjórnar tók að sér að ræða við lögreglu um hvort einhver leið sé til þess að bera saman nýja iðkendur við einhvern valista Lögreglunar og sjá hvort þeir séu hæfir til iðkunar skotíþróttar, en taldi fulltrúi Lögreglunnar það mjög ólíklegt þar sem það þarf líklega sérstaka lagaheimild til þessa.

Bjarki fór um í jólasveinabúningi um hátíðarnar og færði nokkrum aðilum konfekt. Það vakti mikla lukku og var með eindæmum tekið vel á móti honum, en hann fékk ýmis viðurnefni eins og Stífgikkur og Skotfærarníkir.